

Nr. 036 / 13 Kristján BA 176**Stjórnvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6787
Smíðaður: Flateyri 1982 plast
Stærð: 4,9 brl. 4,2 bt.
Mesta lengd: 7,95 m Skráð lengd: 7,86 m
Breidd: 2,18 m Dýpt: 1,54 m
Vél: Volvo Penta 133 kW 2003
Fjöldi skipverja: 1



Kristján ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 2. maí 2013 var Kristján BA 176 á siglingu á Vestfjarðarmiðum. Veður: N 7-11 m/s.

Á siglingunni bilaði stýri bátsins og Skotta BA 93 dró hann til Patreksfjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að stýristjakkurinn losnaði frá öðru megin þegar festing hans brotnaði. Tjakkurinn var fastur við stýrisstammann en festingin við bátinn hafði jagast í sundur þar sem kúlufestingin á tjakkendanum var orðin stíf og/eða föst vegna ryðs. Plastið í bátinum þoldi þetta ekki og gaf sig;
- að skipstjóri sagðist ekki hafa vitað af búnaði fyrir neyðarstýri en blikkplata er skrúfuð yfir gat fyrir stýrissveif í þilfarinu ofan við stýrisstammann.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.